

131. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 20. september 2010 kl. 20:00 á 3. hæð Ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Lára Gunnarsdóttir, Hinrik Hjartarson, Ásgeir Gunnar Jónsson og Katrín Gísladóttir. Auk þess sátu fundinn Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri, Þorbergur Bæringsson slökkviliðsstjóri og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Skúlagata 18. Endurnýjun á byggingarleyfi.
Kristján Sigurbjarnarson sækir um endurnýjun á byggingarleyfi frá 2008, sem felst í niðurrifi og endurbyggingu á forstofu og að byggja viðbyggingu aftan við húsið. Einnig hækkun á þaki með kvista- og gluggasetningu, ásamt allhliða endurbótum á húsinu, sbr. teikningar frá Argos ehf, arkitektarstofu Grétars og Stefáns dags. 15. mars, 2008. Stærðir nýbyggingar: 53,3 m², 225,6 m³. Húsfriðunarnefndar ríkisins gerir ekki athugasemd við erindið sbr. umsögn frá 15. mars 2008 og staðfestingu dags. 14.09.2010. Byggingarleyfisumsókn var grenndarkynnt árið 2008 fyrir eigendum húsa við Víkurgötu 5, Skúlagötu 16 og nr. 20. Engar athugasemdir bárust. Erindið var grenndarkynnt að nýju fyrir sömu aðilum og árið 2008. Athugasemd barst frá Heimi Laxdal Jóhannssyni dags. 14.09.'10. Nefndin leggur til að endurnýjun á byggingarleyfisumsókn fyrir Skúlagötu 18 verði samþykkt. Nefndin telur að útsýnisskerðing frá Víkurgötu 5 sé það óveruleg að ekki beri að taka tillit til athugasemdar þar um.
2. Aðalgata 14, að breyta bílgeymslu í íbúðarrými.
Hólmgeir S. Þórsteinsson sækir um að breyta bílskúr í íbúðarherbergi sbr. tillöguteikningar frá Verkfræðistofu Þráins og Benedikts dags. ágúst 2010. Erindi samþykkt.
3. Smiðjustígur 2a, fyrirspurn um stækkun á glugga.
Fyrirspurn frá Guðmundi J. Amlin um að stækka glugga á vesturhlið hússins sbr. teikningar frá Hjörleifi Sigurþórssyni/Brynjari Daníelssyni dags. með breytingum 10.09.'10. Erindi samþykkt.
4. Höfðagata 11, breyta íbúðarhúsnæði í atvinnuhúsnæði (gistiskála).
F.h. Gistivers ehf/ sækir Birna E. Sigurðardóttir um að breyta einbýlishúsi að Höfðagötu 11 í gistiskála sbr. umsókn dags 14.07.'10. Erindið var grenndarkynnt fyrir eigendum húsa höfðagötu 9, 9a, 13, 15 og nr. 16. Athugasemdir bárust frá Sverri Kristjánssyni, Höfðagötu 9, dags. 22.07.2010. Nefndin ókar eftir viðurkenndum teikningum af atvinnuhúsnæði og tillögu um fjölgun bílastæða sbr. athugasemd.

B.V.

